

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2015

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka

Samið til þriggja ára?

Samningsdrög sem liggja fyrir þegar þetta er skrifað innihalda kjarasamning til rösklega þriggja ára og að 300 þúsund króna lágmarkstekjutryggingu verði náð á samningstíma. Þetta er í samræmi við upphaflega kröfugerð SGS. Fyrstu tvö ár samningstíma er lögð áhersla á krónutöluhækkunar á taxta en þriðja samningsárið koma prósentuhækkunar á öll laun – þó hæri á kauptaxta en laun umfram taxta.

Frá 1. maí sl. hækka kauptaxtar um 25.000 krónur en lágmarkstekjutrygging um 30.000. Önnur laun hækka þá um 7,3% og niður í 3%. Þ.e. laun 300.000 kr. og lægri hækka um 7,3% en síðan fer prósentutalan lækkandi með hækkandi launum en þó fær enginn minna en 3% hækkun. 1. maí 2016 hækka síðan laun um 5,5% en þó aldrei minna en 15.000 kr.

2017 hækka allir kauptaxtar um 4,5% en almenn launahækkun verður 3%. 2018 gildir samningurinn í 8 mánuði

og verður 3% hækkun á kauptaxta en almenn hækkun verður 2%.

Almennu hækkunarinnar miða við heildarlaun með fastri yfirvinnu og öðrum föstum aukagreiðslum.

Enn er verið að vinna að frágangi sérmála – t.d. í fiskvinnslu og ræstingu.

Enn fremur hafa stjórnvöld lagt fram hugmyndir að breytingu á skattakerfi sem þýðir að milliskattaprep yrði lagt af og lægsta skattþrep myndi gilda upp í 700.000 kr. tekjur.

Samningsdrögin sem verið er að vinna eftir urðu til á samningafundum Flóafélaganna og Verslunarmanna sl. helgi en bæði Flóafélögin, verslunarmenn svo og allt Starfsgreinasamband Íslands höfðu boðað verkföll sem hefjast áttu 28. maí. Áður höfðu félög innan Starfsgreinasambandsins farið í þriggja daga verkföll – fyrst hálfan dag og svo tvo heila.

Þetta eru fyrstu stóru vinnudeilur á almenna vinnuarkaðnum í áratugi.

Verkföllanna var farið að gæta víða – m.a. bærust fréttir af því úr ferða-

þjónustunni að afbókanir ferða og viðburða væru hafnar.

Flóafélögin og verslunarmenn voru seinni í gang í sínum viðræðum en Starfsgreinasambandið og voru verkfallsaðgerðir ekki hafnar þar. Það var síðan um hvítasunnuhelgina sem óformlegir fundir forystumanna þeirra félaganna við SA skiluðu þeim árangri að boðað var til funda samninganefnda félaganna og forystu þeirra falið að halda áfram að vinna samkvæmt þeim drögum sem lágu fyrir eftir helgina og verkföllum var í kjölfarið frestað.

Samninganefnd Starfsgreinasambandsins fundaði síðan á miðvikudag með SA og þá var ákveðið að ganga til viðræðna á sama samningsgrundvelli og SGS frestaði verkföllum.

Enn er ósamið við sveitarfélög og ríki vegna félagsmanna sem þar vinna. Þeir samningar hafa verið lausir frá 1. maí sl.

Þá hafa iðnaðarmannafélögin ekki samið en hjá Samið og fleiri iðnfélögum stendur nú yfir atkvæða-

greiðsla um verkfallsboðun. Áformað er að verkföll væru í viku í júní en síðan allsherjarverkföll í ágúst væri enn ósamið. Samninganefnd iðnfélaganna hefur fjallað um samningsdrögin sem nú liggja fyrir en ekki er ljóst hvort það er nægilegur grundvöllur til samninga.

Verði af samningum á þessum grundvelli verða þeir kynntir á heimasíðu félagsins, með auglýsingum og á kynningarfundum og síðan bornir undir atkvæði félagsmanna. Félagsmönnum AFLs er bent á „mínar síður“ á vef félagsins www.asa.is en þar geta þeir gætt þess að félagið sé með rétt netfang skráð þannig að unnt sé að senda þeim upplýsingar hratt og vel. Til að fá aðgang að mínum síðum þarf félagið að hafa annaðhvort netfang félagsmanns eða farsímanúmer á skrá. Félagsmenn geta haft samband við næstu skrifstofu og skráð farsímanúmer sitt til að fá aðgang. Einnig er hægt að senda skilaboð á asa@asa.is



Verkfallsvörður á vörði við höfnina á Reyðarfirði.

Félagsaðild og félagafrelsi

Frelsi manna til að stofna félög er ekki jafnsjálfsagður og margir telja. Það er ekki fyrr en með stjórnarskránni 1874 sem réttur fólks á Íslandi til að stofna og ganga í félög og halda fundi um málefni sín er tryggður. Félagafrelsi er því fyrst og fremst frelsi manna til að stofna og vera í verkalyðsfélögum, stjórn-málafélögum og hvers kyns félags-samtökum til að vinna hagsmunum sínum framgang.

Í kjarasamningum er síðan kveðið á um félagsaðild einstakra launamanna. Til dæmis segir í gr. 11.1 í aðalkjarasamningi SGS við SA að launagreiðendur taki að sér, skv. samningnum, að skila til „viðeigandi

stéttarfélags“ félagsgjaldi og öðrum stéttarfélagsgjöldum. Með „viðeigandi stéttarfélagi“ er átt við það félag sem fer með samningsumboð á tilteknu landssvæði og fyrir tiltekna starfsgrein. Með því að aðeins AFL Starfsgreinafélag fer með samningsumboð fyrir verkafólk á Austurlandi ættu allir þeir sem vinna verkamannastörf á félagssvæði AFLs að greiða iðgjöld til félagsins.

Á liðnum árum hefur ríkt friður á vinnumarkaði og hafa verkalyðsfélög ekki gengið hart eftir að félagsaðild sé í öllum tilfellum rétt. Þannig eru fjölmargir sem vinna störf verkamanna á Austurlandi að greiða til annarra félaga – s.s. annarra verka-

lyðsfélaga eða jafnvel félaga sem enga samninga hafa um störf verkafólks. Það þýðir því að það félag sem viðkomandi greiðir í – hefur ekkert um þann samning sem gildir um starfið að segja og jafnvel í mörgum tilfellum litla möguleika til að gæta hagsmuna viðkomandi.

Ennfremur hefur það í för með sér að vinna, kostnaður og ábyrgð við gerð kjarasamninga um tiltekin störf fellur á færri en ella – á meðan aðrir njóta þess árangurs sem næst í samningum án þess að leggja nokkuð af mörkum. Einnig veikir þetta mjög samstöðu á vinnustöðum.

Nefna má sem dæmi fyrirtæki þar sem 10 bílstjórar vinna – en 5

þeirra eru skráðir í félög sem ekkert hafa með kjarasamning bílstjóra að gera. Þegar kemur að því að gera kjarasamning um störf þessara bílstjóra – eða jafnvel að efna til verkfalls – lendir kostnaðurinn á fimm bílstjórum – það eru fimm bílstjórar sem fara í verkfall, en þegar niðurstaðan liggur fyrir er víst að allir bílstjórnarnir 10 fá síðan launahækkunina sem náðist. Það er og næsta víst að þeir fimm sem komu sér hjá því að taka þátt í baráttu fyrir betri kjörum eru þeir sem hæst tala um aumingjaskap verkalyðsfélagsins.

Framkvæmd verkfalla

Verkföll eru harðasta aðgerð sem verkalyðsfélög og félagsmenn þeirra geta gripið til og verkfallsvarsla er nauðvörn verkafólks til að koma í veg fyrir að aðrir gangi í störf þeirra. Verkfallsvarsla er því nokkurs konar nauðvörn launafólks til að verja störf sín og kjör.

Í kringum verkfallsvörslu hafa í gegnum tíðina oft orðið átök og jafnvel slagsmál. Erlendis er ekki óalgengt að jafnvel hafi dregið til blóðsúthellinga.

Tülkanir ASÍ og svo Samtaka atvinnulífsins á því hverjir fari í verkföll og hverjir megi vinna í verkföllum fara ekki saman að öllu leyti. En hér eru viðmiðanir sem AFLs:

1. Þeir sem vinna á samningsviði sem verkfall snýst um á félagssvæði þar sem boðað verkfall er eiga að fara í verkfall. Til dæmis telja AFL og ASÍ að þegar boðað er verkfall í fiskvinnslu á félagssvæði AFLs eigi allir þeir sem vinna venjulega

verkamannavinnu við fiskvinnslu að fara í verkfall – hvort heldur viðkomandi er skráður í annað félag eða ekki. Á sama hátt telur AFL að þeir félagsmenn AFLs sem vinna verkamannastörf í Reykjavík eigi að fylgja Eflingu hvað varðar verkföll og að þeim sé heimilt að vinna þó svo að verkamenn í AFLi séu í verkfalli á félagssvæðinu.

2. Það er skoðun AFLs og ASÍ að óheimilt sé að láta starfsmenn sem ekki eru í verkfalli, t.d. skrifstofufólk, ganga í störf þeirra sem eru í verkfalli.
3. Verkstjórar geta sinnt sínum daglegu störfum – en mega ekki ganga í störf undirmanna sem þeir að öllu jöfnu vinna ekki.
4. Æðstu stjórnendur, beinir eigendur og skyldmenn þeirra sem byggja afkomu sína á afkomu fyrirtækis er heimilt að vinna dagleg störf við fyrirtæki. Aðrir afkomendur eða eigendur sem ekki vinna öllu jafna

við rekstur fyrirtækis er óheimilt að ganga í störf verkfallsmanna.

AFL Starfsgreinafélag leggur þó áherslu á að verkfallsvarsla fari vel fram og ekki með ofbeldi. Við leggjum áherslu á að ekki verði spjöll á eignum. Verkfallsvörðum er heimil réttarvarsla – þ.e. eftirliti með að verkfall sé virt – en mega ekki fara offari, þ.e. beita ofbeldi eða eignaspjöllum.

Að öllu jöfnu skiptir lögregla sér ekki af vinnudeilum en á að grípa í taumana ef stefnir í óefni og hættu er á átökum eða eignatjóni.

Við getum aldrei búist við að ná 100% árangri í verkfallsvörslu – því miður eru það margir tilbúnir að niðast á neyðarrétti launafólks og ganga í störf þess.

Vinnudeilusjóður

Úthlutað verður úr vinnudeilusjóði AFLs skv. meðfylgjandi reglum. Umsóknareyðublað er á vef félagsins www.asa.is og á næstu skrifstofu.

Greitt verður úr sjóðnum fljótlega eftir mánaðarmót.

1. Greitt verði eftir 2 daga í verkfalli í sama mánuði.
2. Greitt frá 3ja degi og áfram. (fyrstu tveir dagar í verkfalli eru bótalausir (hálfir dagar telja sem heilir)
3. Greitt þó bil séu á milli verkfalla.
4. Greiðslufjárhæð:
 - a. Hálfar bætur: kr. 5.000. Félagsgjald minna en 18:000
 - b. Fullar bætur: 8.500 – fullgildir félagsmenn – meira en eitt ár í félagi
 - c. Verkfallsverðir 12.000. Lágmark 4 tímar í verkfallsvörslu hvern verkfallsdag.

Stjórn Vinnudeilusjóðs AFLs Starfsgreinafélags



Til góðra verka



Verkfallsverðir á Vopnafirði gerdu atbugasemdir við akstur Sundleidar. Málið var skadað og leyst á staðnum.

Samstarf verkalýðsfélaga á Austurlandi

Úr átján í eitt

Segja má að stöðugt samstarf verkalýðsfélaga á Austurlandi hafi ekki komist á fyrri eftir 1960. Þá voru verkalýðsfélögin á starfssvæði AFLs átján talsins en hafa sameinað krafta sína í eitt í nokkrum áföngum.

Að vissu leyti má segja að Austfirðingar hafi verið frumkvöðlar í íslensku verkalýðsbaráttu því fyrsta stéttarfélag verkamanna hérlendis var stofnað á Seyðisfirði árið 1897. Þá voru miklir uppgangstímar á staðnum og íbúum þar fjölgaði ört. Verkamenn töldu hag í því að koma á fót félagskap sem verndaði rétt þeirra og ynni

að bættum hag en ekki skipti minna máli að til staðar voru einstaklingar sem tilbúnir voru að veita félaginu forystu. Samstaðan entist hins vegar ekki og óeining varð félaginu að falli áður en tuttugasta öldin gekk í garð.

Frá þessu er sagt í grein Smára Geirssonar „Samstarf verkalýðsfélaga á Austurlandi“ sem birtist í ritinu „Afmæliskveðja til Háskóla Íslands“ sem Hollvínasamtök skólans gáfu út í samvinnu við bókaútgáfuna Hóla árið 2003. Eins og titill greinarinnar ber með sér rekur Smári þar samstarf austfirskra verkalýðsfélaga.

Næsta verkalýðsfélag austan lands

var Verkamannafélagið Fram, stofnað á Seyðisfirði árið 1904. Á fyrstu þremur áratugum tuttugustu aldarinnar voru stofnuð verkalýðsfélög í flestum þéttbýlisstöðum Austfjarða en starf þeirra gekk misjafnlega og enn fremur samstarfið sem Smári rekur til erfiðra samgangna og þess að forystumenn hafi vantað.

Eskfirðingar taka boltann

Smári telur Árvakur á Eskifirði hafa átt fyrstu tilraunina til samvinnu en árið 1917 var boðað til fundar með félögum úr næstu fjórðum. Alþýðusamband Íslands var þá nýstofnað en svo virðist sem menn hafi talið dýrt að taka þátt í landsstarfi en frekar viljað vinna saman innan fjórðungs.

Ekkert varð af stofnun formlegra samtaka að þessu sinni en fræi var sáð. Hugmyndirnar lifðu og Samband austfirskra verkalýðsfélaga var stofnað á Eskifirði í apríl árið 1923. Það virðist hins vegar hvorki hafa verið langlíft né haft mikil áhrif.

Premur árum síðar var Verkalýðsambandi Austurlands komið á fót en aðaldrifkrafturinn að baki því var Jónas Guðmundsson, mikilvirkur ein-

staklingur í atvinnu- og félagsmálum á Norðfirði. Sambandið stækkaði á næstu árum en varð ekki jafn sterkt og vonir stóðu til. Það leið undir lok í heimskreppunni snemma á fjórða áratugnum.

Alþýðusamband Austurlands verður til

Fyrir atbeina ASÍ var Alþýðusamband Austfjarða stofnað árið 1942. Smári segir það hafa verið öflugt í fyrstu en lognast svo út af. Það var endurreist árið 1955 en allt fór á sama veg.

Stundum er talað um að lukkan sé með í liði í þriðja skiptið og þannig var um sambandið. Það var endurvakið árið 1960 og starfaði samfelld fram til síðustu aldamóta en þá var ráðist í frekari sameiningar verkalýðsfélaga á Austfjörðum. Athygli vekur að í lögum félagsins var ákvæði til ársins 1982 um að formaður, ritari og gjaldkeri skyldu búsettir í Neskaupstað en talið var að félögin væru kröftugri með lykilmenn búsetta á sama stað. Starfsemin var misöflug en félagið beitti sér fyrir ýmsum framfarumálum, svo sem byggingu orlofsíbúða og stofnun Lifeyrissjóðs Austurlands.



Fyrstu austfirsku stéttarfélagin voru stofnuð á Seyðisfirði um aldamótin 1900. Hér er unnið við fiskbreiðslu á Vestdalseyri um það leyti. Verkstjórnin, Jóhann Sigurðsson í Hólma, stendur með hendur fyrir aftan bak. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands.

Samningar við undirverktaka á álverslóð

Á þriðjudag voru talin atkvæði í samningum AFLs við undirverktaka ALCOA Fjarðaáls. Samningar félagsins við sex af átta fyrirtækjum voru samþykktir með talsverðum mun – þ.e. 68-100% greiddra atkvæða sögðu já – en kjörsókn var misjöfn eða allt frá 23% og upp í 80%. Starfsmenn tveggja fyrirtækja, Brammer efh. og Securitas hf. felldu samningana – einnig með talsverðum mun eða 60-70% atkvæða sögðu nei.

Forsaga þessa máls er að allt frá því að fyrstu samningar voru gerðir við ALCOA Fjarðaál hefur AFL haft uppi kröfu um heildstæðan kjarasamning fyrir lóðina – þ.e. að öll störf við fram-

leiðslu og þjónustu við framleiðsluna væru undir í samningi félagsins við ALCOA. Það hefur aldrei náðst og samningur AFLs og Rafiðnaðarsambandsins við ALCOA tekur aðeins til framleiðslustarfsmanna, verkamanna og iðnaðarmanna við framleiðslu og viðhald.

Árið 2011 beindi félagið því kröfu til Samtaka atvinnulífsins (SA) fyrir hönd þeirra undirverktaka sem eru aðilar að samtökunum og fyrirtækjum utan samtakanna sérstaklega, um sérstakan kjarasamning vegna starfa á álverslóð. Þá náðist vinnustaðasamningur við Eimskip – svokallaður Mjóeyrarsamningur þar sem samið var um að laun samanburðarhópa

hjá ALCOA og hjá Eimskip væru borin saman þannig að launamunur yrði innan við 3%.

Deilunni frestað 2013

Tveimur árum síðar tók félagið upp boltann aftur og beindi kröfum sínum aftur að SA og fyrirtækjunum. Sú deila var komin til Ríkissáttasemjara til úrlausnar þegar samningar náðust milli Starfsgreinasambandsins (SGS) og SA skömmu fyrir jól og varð úr að AFL samþykkti að fresta deilunni út samningstíma þess aðalkjarasamnings. Deilan var síðan tekin upp að nýju í febrúar og lyktaði með samningum sem síðan voru bornir undir atkvæði í kjölfarið.

Niðurstaðan varð í fyrsta lagi samningur milli AFLs, SA og ALCOA Fjarðaáls sem m.a. skuldbindur undirverktaka ALCOA til að gera svokallaða fyrirtækjasamninga við AFL og kallar á að launakjör starfsmanna undirverktaka standist viðmið sem er að laun séu samkeppnishæf með tilliti til launakjara innan verksmiðjunnar. Ennfremur er miðað við að launaþróun starfsmanna undirverktaka verði sambærileg og launaþróun starfsmanna ALCOA Fjarðaáls.

Lágmarkskjör tryggð til frambúðar

Vissulega náðist ekki heildstæður kjarasamningur eins og kröfugerð félagsins hljóðaði – en mat AFLs er að með samningnum við ALCOA Fjarðaál og SA hafi tekist að tryggja lágmarkskjör til frambúðar og það sé síðan verkefni félagsins og trúnaðarmanna þess hjá einstaka fyrirtækjum að vinna að framgangi fyrirtækjasamninga á hverjum stað.

Í kjölfar samninganna sem þegar hafa tekið gildi eru komnar launatölur hjá fyrirtækjunum þar sem framgangur í launum er tryggður, bæði með starfsaldri og með aukinni hæfni. Að auki náðust áfangar í öðrum kröfum sem lúta að því að samræma kjör félagsmanna sem vinna á athafnasvæðinu.

Eftir nokkra byrjunarerfiðleika og deilur í upphafi ferlisins náðist góð samvinna á milli fyrirtækjanna og samninganefndar félagsins sem var samsett af trúnaðarmönnum AFLs hjá fyrirtækjunum.

Enn er eftir að ljúka samningum við Brammer og Securitas og verður farið í þá vinnu næstu daga.



Frá samningafundi hjá ríkissáttasemjara.

Mikið hringt til að fá upplýsingar

Starfsmenn AFLs Starfsgreinafélags hafa haft í nógu að snúast í kringum verkföllin í lok apríl og byrjun maí. Sinna þurfti verkfallsvörslu, veita upplýsingar um hverjir væru í verkfalli og fleira. Við tókum púlsinn á fjórum starfsmönnum á félagssvæðinu sem segja einhug í félagsmönnum í baráttunni fyrir bættum kjörum.

Almennt allt í ró og spekt

„Verkfallsverðir fóru í flest fyrirtæki í bænum og almennt var allt í ró og spekt,“ segir Ingibjörg Sigurðardóttir á skrifstofu AFLs í Neskaupstað. „Við gerðum athugasemdir hjá Austfjarðaleið og í Egilsbúð var starfsfólk sem sennilega hefði ekki átt að vera í vinnu. Ég held að menn hafi ekki verið búnir að átta sig fyrri daginn því daginn eftir var búið að bregðast við ábendingum og víða lokað,“ segir Ingibjörg.

þó auðveldara þegar verkfallsdagarnir eru heilir heldur en hálfir, eins og var 30. apríl,“ segir Sigurbjörg.

Sigurbjörg Kristmundsdóttir, starfsmaður AFLs á Reyðarfirði segir atvinnurekendur og starfsfólk almennt ekki hafa næga vitneskju um hverjir eigi að fara í verkfall og hverjir ekki. Verkfallsboðun sé þó virt að langmestu leyti.

„Þetta er svolítið ruglandi allt saman, hver er að fara í verkfall og hver ekki, en samböndin segja til um það. Það er mikið hringt til okkar til þess að fá

eskju sem vissi hreinlega ekki af því að hún ætti að vera í verkfalli. Það er því allur gangur á því hvernig menn hafa meðtekið upplýsingarnar.“

Gunnar Smári segir það ekki hafa verið greint sérstaklega hvers vegna fólk viti ekki af því að það eigi að vera í verkfalli. „Í flestum tilfellum held ég að menn hafi hreinlega ekki áttað sig á að þeirra starf félli undir verkfallsaðgerðirnar en við höfum líka dæmi um einbeittan brotavilja.“

Almennt hafa menn tekið ábendingum verkfallsvarða vel. „Að minnsta kosti hér á mínu svæði. Í einu tilfelli hringdi starfsmaðurinn í eigandann sem kom og leysti hann af og þar voru engin átök.“

Nú bíða menn eftir viðbrögðum við þeim samkomulögum sem tókust í kjaraviðræðum í vikunni. „Það vill enginn vera í verkfalli en ég held að menn séu ákveðnir í að gera það sem

tekur afstöðu til óska um undanþágur frá verkföllum. Hann segir lítið hafa reynt á nefndina það sem af er.

„Það hefur ekki verið mikið sótt um, beiðnirnar voru örfáar enda verkföllin stutt,“ segir Þorkell. Þrír sitja í nefndinni sem skipuð er af stjórn AFLs. Misjafnt var hvaða niðurstaða fékkst í málin. „Við höfum haft það að leiðarljósi að meta hvort um brýn öryggismál sé að ræða eða mál þar sem velferð manna eða dýra er í húfi.“

Eins er allur gangur á því hversu tímanlega undanþágubeiðnir berast. „Fyrir síðasta verkfall funduðum við í hádeginu daginn áður en það hófst því við höldum að við værum komnir með allar beiðnir. Við þurftum hins vegar að funda aftur seinni partinn því menn voru að senda til okkar á síðustu stundu.“

Hann segir verkfallsaðgerðirnar hafa gengið vel á Hornafjarðarsvæðinu.



Undir stýri á þessum bíl sat „verkstjóri“ sem ekki taldi sig eiga samleið með öðrum bílstjórum í kjarabaráttu.

Hún segir að í verkföllunum fyrir mánuðinum hafi nokkuð verið um að félagsfólk spyrði um hvort það ætti að vera í verkfalli. Meðal annars hafi bílstjórar spurt út í hvort klára mætti ferð sem hafin væri. Í vikunni þegar verkfall vofði yfir hafi spurningarnar snúist um hvort til stæði að aflýsa því en því var á miðvikudag frestað til þriðja og fjórða júní.

Ingibjörg segir fólk vera tilbúið að fara í verkföll af illri nauðsyn. „Það finnst öllum verkföll slæm því þau geta haft slæmar afleiðingar, til dæmis nú þegar ferðamannastraumurinn er að byrja og skólafólkið að koma út á vinnumarkaðinn. Fólk er hins vegar tilbúið að fara í verkfall því það vill hærri laun, einkum fyrir þá lægst launuðu. Við vonum nú að samningar takist og allir verði sáttir.“

Leiðbeinum eftir bestu getu

Undir þetta tekur Sigurbjörg Kristmundsdóttir á skrifstofunni á Reyðarfirði. „Það er mikill samhugur og baráttuandi í fólki. Ég held það sé

upplýsingar, bæði atvinnurekendur og starfsfólk. Við reynum að leiðbeina því og svara eftir bestu getu.“

Sigurbjörg segir verkfallsvörsluna hafa gengið vel, en um fimm verkfallsverðir voru að störfum í verkföllunum í byrjun maí. „Verkföllin voru virt á flestum stöðum en þó ekki öllum. Við komum til dæmis að ræstingafólki að störfum í einu fyrirtæki, en það vissi ekki um verkfallið. Það tók ábendingunum vel og lagði niður vinnu,“ segir Sigurbjörg.

„Það vill enginn vera í verkfalli“

Gunnar Smári Guðmundsson, starfsmaður AFLs á Vopnafirði, segir að ekki hafi allir verið með það á hreinu að þeir ættu að vera í verkfalli. Fimm verkfallsverðir á vegum AFLs voru til taks á Vopnafirði. „Verkfallsvarslan gekk nokkuð vel. Vissulega voru einhverjir hér á Vopnafirði sem voru að brjóta verkfallið en þeir sögðust ekki vita að þeir ættu ekki að vera að vinna.

Tveir verkfallsvarðanna fóru á Bakkafjörð og fundu þar mann-



Á Reyðarfirði fór ræstingafólk frá ISS eftir að hafa verið bent á að það ætti að vera í verkfalli.

þarf til að ná fram kjarabótum. Það er að minnsta kosti viðkvæðið hjá þeim sem ég hef heyrt í og þeir eru æði margir. Hugurinn er enn til staðar og fólk ætlar að taka þátt áfram.“

Örfáar umsóknir borist um undanþágur

Þorkell Kolbeinsson, starfsmaður AFLs með aðsetur á Höfn í Hornafirði, fer fyrir undanþágunefnd AFLs en hún

Félagsmenn auk starfsmanna sinntu þar verkfallsvörslu og aðeins örfáum sinnum þurft að hnippa í menn.

Verkfall átti að hefjast í gær en því var frestað í fyrradag eftir að skriður komst á viðræður. Þorkell segir hugur hafa verið í launafólki í kjarabaráttunni og fagnar framgangi viðræðanna. „Ég held að menn séu loks komnir í alvöru viðræður. Það er það sem hefur vantað.“



Bifreiðar voru víða á ferð þótt almennir bifreiðastjórar ættu að vera í verkfalli. Þessi mynd er frá Bakkafirði.